



Skotíþróttaping Skotíþróttasambands Íslands 4. desember 2004.

Pingið er haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal í sal ÍBR.

Pingsetning:

Jón S. Ólason formaður STÍ setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna.

Kosning kjörbréfanefndar:

Formaður STÍ gerir tillögu um þrjá menn í kjörbréfanefnd, þá Steinar Einarsson SFK, Hilmar Ragnarsson SR og Björn S. Guðbrandsson SA. Tillaga formanns er samþykkt og tekur nefndin til starfa.

Kosning þingforseta og þingritara:

Formaður STÍ ber fram tillögu um Hafstein Pálsson ÍSÍ sem forseta Skotíþróttapings. Tillagan er samþykkt samhljóða og tekur hann við stjórn þingsins, þakkar traustið sem honum er sýnt og lýsir eftir athugasemdum við boðun þings. Engar athugasemdir eru gerðar við boðun þingsins og lýsir þingforseti skotíþróttaping 2004 löglega boðað. Þá er borin upp tillaga um Kjartan Friðriksson sem þingritara og er hún samþykkt samhljóða.

Kosnar starfsnefndir Skotíþróttapings:

Tillaga er frá fráfarandi stjórn STÍ um eftirfarandi nefndir:

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Steinar Einarsson, SFK
Gunnar Þórarinnsson, SR

Laganefnd:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Jón S. Ólason, ÍFL
Jóhann Norðfjörð, SFS

Allsherjarnefnd:

Guðmundur Brynjarsson SA
Árni Leifsson, SK
Ferdinand Hansen, SÍH

Nefndarmenn sem stjórn gerir tillögur um eru réttkjörnir þar sem engin móttframboð komu fram.

Skýrsla fráfarandi stjórnar:

Jón S. Ólason formaður STÍ býður Stefán Konráðsson framkvæmdarstjóra ÍSÍ velkominn á þingið og les síðan skýrslu stjórnar, sem fer hér á eftir:

“SKÝRSLA STJÓRNAR SKOTÍÞRÓTTASAMBANDS ÍSLANDS ÁRIÐ 2003

Stjórn Skotíþróttasambands Íslands fyrir árið 2003 skipuðu þeir Jón Ólason, formaður, Steinar Einarsson varaformaður, Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri og framkvæmdastjóri, Kjartan Friðriksson, ritari og Halldór Axelsson meðstjórmandi.

Árið var að mörgu leiti nokkuð hefðbundið en þó voru nokkur verkefni sem stóðu upp úr og verða þau helstu reifuð hér.

Í erlendum samskiptum bar helst til tíðinda að norðurlandasambandið NSR, gerði stórar breytingar á sínu mótahaldi. Á undanförunum árum hefur dregið úr þátttöku á norðurlandamótum og hafa þjóðirnar heldur viljað verja fjármagni til þátttöku í stærri mótum innan Evrópuskotsambandsins og Alþjóðasambandsins, þ.e. sækja þau mót sem opna dyrnar inn á Olympíuleika. Norðurlandamótin hafa ekki haft það vægi að þar væri hægt að ná OL lágmarkum en um það snýst jú slagurinn. Það varð því úr að ákveðið var að hætta mótahaldi í eldri flokkum og halda í framtíðinni einungis norðurlandamót unglinga.

Þessi breyting hefur líklega hvað mest að segja fyrir okkur Íslendinga því eins og öllum ætti að vera kunnugt er vopnalöggjöfin íslenska afar þröng hvað þetta varðar ef ekki beinlínis fjandsamleg íþróttinni hvað unglingsstarf varðar.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvað þjóðin eða Íþróttasamtökin myndu segja ef hið háa Alþingi setti lög um knattspyrnuíðkun sem segði að unglingar mættu hefja íðkun íþróttarinnar 15 ára gamlir en fram til tvítugs mætti enginn eignast skó eða bolta, allir ættu að nota bolta og skó sem félagin eiga og allir yrðu að vera í skóm nr. 45 án tillits hvort þeir geta notað þá eða ekki.

Eins og staðan er í dag er ekki líklegt að við eignumst sterka íþróttamenn í flokki unglinga enda erfitt fyrir keppnismenn að takast á við jafnaldra sína á hinum norðurlöndunum sem jafnvel hafa átt þess kost að stunda íþróttina frá 10 ára aldri.

Á árinu sendi Íþrótt og Olympíusamband Íslands myndarlegan hóp íþróttafólks til keppni á smáþjóðaleikum sem haldnir voru á Möltu. Skotíþróttasambandið sendi 6 íþróttamenn til keppni, tvo í skeet, tvo í loftskammyssu karla og tvær konur í loftskammyssu kvenna. Skemmt er frá því að segja að íslenska keppnislíðið í skotfimi hélt fjórða sætinu í öllum greinum fyrir sig. Kristína Siguðardóttir og Guðmundur Gíslason í Loftskammyssu og Pétur Gunnarsson í skeet. Vert er að minnast sérstaklega á árangur Péturs en hann náði 118 dúfum og er það trúlega bestí árangur íslensks keppnismanns í greininni á erlendri grund. Einnig má geta þess að allir íslensku keppendurnir komust í úrslit í sinni grein.

Lengi hefur vantað menntaða dómara í skotfimi hér hjá okkur. Norðurlandasambandið hélt námskeið fyrir Alþjóðadómara á árinu og héldu 8 dómaraefni til Noregs til að sitja námskeiðið. 3 í haglagreinum og 5 í skammyssugreinum. Því miður gekk nú ekki eins vel og væntingar stóðu til. Í ljós kom að námskeið þessi eru gríðarlega erfið og ekki nema fyrir þaulvana dómara að að ná þeim þrófum sem lögð voru fyrir. Fór svo að einungis tveir hafa öðlast þessi réttindi.

Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar í framhaldi af námskeiðinu og eru í mótun hugmyndir um að gefa út landsdómaraéttindi og að fá jafnvel erlendan kennara til landsins til að halda námskeið í dómgæslu á skotmótum hérlendis. Þannig mætti hugsa sér að byggja upp reynslu sem nýta mætti til að ná inn frekari réttindum.

Riffilmenn fengu til sín á árinu norskan riffilþjálfara Rune Sörlie. Hann hélt námskeið í skotsalnum í Digranesi og sóttu það 11 íþróttamenn. Er það mál manna að vel hafi tekist til og og að Rune hafi skilið hér eftir mikilsverða þekkingu. Þess má geta að Rune var nýverið kosinn formaður norska skotsambandsins.

Á vordögum ákvað stjórn sambandsins að ráða gjaldkera sambandsins í hlutastarf til að sjá um daglega umsýslu þess. Ekki verður annað sagt en að það hafi komið vel út og ef eitthvað er mun sá þáttur aukast í framtíðinni. ÍSÍ hefur lengi barist fyrir fjárveitingum til handa sérsamböndunum til að standa undir daglegum rekstri og á fundi með ráðherra menntamála fyrir stuttu var sú krafa lögð fram að stefnt skuli að því að fjárframlög til þeirra verði á fjárlögum og þeim gert kleift að standa undir a.m.k. einum starfsmanni hverju.

Rétt er að geta þess að á árinu 2003 var gengið frá samningum milli Reykjavíkurborgar og Skotfélags Reykjavíkur um aðstöðu fyrir kúlugreinar í Egilshöll. Þar er um að ræða 750 m² skotsal þar sem hægt er að stunda 10, 25 og 50 metra skammyssu og riffilgreinar. Er enginn vafi á að þessi aðstaða á eftir að vera lyftistöng fyrir íþróttina og góð viðbót við þá aðstöðu sem fyrir var í Kópavogi en þar hefur um árabíl verið eina aðstaða landsins til að stunda þessar greinar.

Það er árviss viðburður að á vegum ÍSÍ eru valdir íþróttamenn ársins í öllum sérgreinum. Skotfimin á þar sína fulltrúa og fyrir árið hrepptu hnossið þau Ingibjörg Ásgeirsdóttir úr Leiftra og Guðmundur Kr. Gíslason Skotfélagi Reykjavíkur, bæði fyrir frammistöðu sína í skammyssuskotfimi. “

Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikningar til samþykktar:

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum sambandsins og þar kemur m.a. fram að hagur sambandsins hefur farið batnandi síðustu misseri og er ástæða til bjartsýni til framtíðar hjá sambandinu. Hann nefnir að mótagjöld séu nýr tekjustofn, sem kemur til með að nýtast hreyfingunni í framtíðinni ef rétt er á málum haldið. Fram kemur að nokkur útgjöld hafa orðið á árinu, en námskeið sem haldin hafa verið m.a. í riffilgreinum hafa verið greidd af þátttakendum sjálfum. Guðmundur nefnir smáútgjöld s.s. áskriftir að tímaritum og skrifstofuáhöld. Þá nefnir hann útgjöld vegna smáþjóðaleikanna á Möltu á árinu, en hann segir fjármál sambandsins séu réttu megin við strikið. Þá nefnir Guðmundur að það þurfi að auka tækjabúnað við mótahald á STÍ mótum í framtíðinni. Guðmundur telur að næsta ár í starfi skothreyfingarinnar verði gott ár og ástæða sé til bjartsýni á árinu 2005.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum:

Steinar Einarsson formaður Kjörbréfanefndar les upp nöfn þingfulltrúa og lýsir kjörbréfin lögleg. Þingið samþykkir kjörbréfin samhliða.

Ávarp framkvæmdarstjóra ÍSÍ:

Stefán Konráðsson framkvæmdarstjóri ÍSÍ ávarpar þingið og ber þingfulltrúum kveðjur stjórnar ÍSÍ. Hann þakkar stjórn STÍ góð störf á sl. starfsári og góða reikninga sem sýna að sambandið sé á réttri

leið. Hann nefnir að lögð hefur verið áhersla á að greiða niður skuldir hjá sambandinu sem er af hinu góða, en það komi niður á starfssemi STÍ meðan á því stendur. Stefán telur árangur íslenskra skotmanna afburða góðan í samanburði við þá erlendu eins og td. á síðustu Smáþjóðaleikum, þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu STÍ. Stefán ræðir um væntanlega breytingu á styrkjakerfi til íþróttahreyfingarinnar og þó sérstaklega til sérsambanda, og þá með það í huga að sérsamböndin geti haft starfsmann á launum við störf í þágu íþróttarinnar. Hann hvetur stjórn STÍ til að halda áfram á sömu braut varðandi starfsmann á launum enda skili það góðum árangri. Hann nefnir að Guðmundur Kr. Gíslason komi til starfa á hverjum degi, sem er nýtt í sögu skothreyfingarinnar og það sé ástæða til að halda áfram á þeim grunni. Stefán leggur áherslu á að efla starfið í skothreyfingunni á landsbyggðinni, en leggur höfuðáherslu á að íslenskir skotmenn efla skotíþróttamenn sem keppa á erlendri grund, enda sé það lykillinn að velgengni hreyfingarinnar eins og í öðrum íþróttagreinum. Stefán óskar að lokum stjórn STÍ til hamingju með vel unnin störf á sl. ári.

Þingforseti lýsir eftir umræðum um reikninga sambandsins og skýrslu stjórnar.

Nokkrar fyrirspurnir eru utan úr sal um skýrslu stjórnar og reikningana. Spurt er um kostnað við verðlaunagripi á landsmótum STÍ, unglingastarfið framundan ofl. Guðmundur Kr. Gíslason svarar spurningum og nokkrar umræður eru um málin.

Reikningar STÍ bornir upp til atkvæðagreiðslu:

Reikningar sambandsins eru samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun næsta árs:

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri STÍ gerir grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs. Hann kynnir hana í grófum dráttum, en hún verður tekin fyrir í starfsnefnd á þinginu.

Lagabreytingar:

Næsta mál eru lagabreytingar. Ein tillaga liggur fyrir um lagabreytingu, en það er tillaga um ritnefnd STÍ. Óskað er afbrigða um tillöguna þar sem hún var ekki lögð fram með réttum fyrirvara samkvæmt lögum STÍ. Afbrigði um tillöguna er samþykkt samhljóða og er henni jafnframt vísað til laganefndar þingsins.

Þinghlé:

Forseti þings gerir hlé á þingstörfum og starfsnefndir taka til starfa.

Nefndarálit:

Næsta mál er nefndarálit starfsnefnda og atkvæðagreiðslur.

Laganefnd:

Jón S. Ólason talar fyrir laganefnd. Hann gerir grein fyrir störfum nefndarinnar og leggur til að tillagan um Ritnefnd STÍ verði samþykkt. Tillagan hljóðar svo:

“Lagt er til að 19. grein sem fjallar um störf skotíþróttapings breytist þannig að ný nefnd verði kosin á þinginu sem fengi nafnið Ritnefnd. Stjórn væri falið að semja um hana starfsreglur sem kynntar verða síðar.

Henni væri ætlað það hlutverk að efla alla útgáfustarfsemi sambandsins og stuðla að því að þekking almennings á skotíþróttum aukist.

Ennfremur myndi hún sjá um útgáfu á öllum séríslenskum lögum og reglum sem að skotíþróttum lúta.”

Breytingin kæmi þannig út:

19. Kostning þriggja manna í ritnefnd STÍ og þriggja til vara (nýr liður)
20. Kostning fulltrúa á ÍSí þing. (var 19. liður)
21. Önnur mál. (var 20. liður)
22. Þingslit (var 21. liður)

Flutningsmaður tillögu var Guðmundur Kr. Gíslason.

Tillaga um Rinefnd STÍ borin upp til atkvæða:

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Lög STÍ borin upp í heild með breytingum:

Þá eru löggin borin upp til atkvæðagreiðslu í heild sinni með áóðrnum breytingum og eru þau samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir störfum Fjárhagsnefndar. Hann leggur til að fjárhagsáætlun fyrir nk. starfsár, þ.e. árið 2004, verði samþykkt, en hún hljóðar svo:

“ Áætlun fjárhagsnefndar fyrir starfsárið 2004.

Tillagan hljóðar svo.

Gjöld:

Þjálfun, kennsla, námskeið 600.000

Stjórnunarkostnaður 700.000

Eldri skuldir 300.000

Annað ófyrirséð 500.000

Samtals 2.100.000

Tekjur:

Lottó 1.100.000

Útbreiðslustyrkur 900.000

Ýmsar tekjur 500.000

Samtals 2.500.000

Tekjuafgangur 400.000.”

Tillaga fjárhagsnefndar lögð fram til atkvæðagreiðslu:

Tillaga fjárhagsnefndar er tekin til umræðu og eru tillögur hennar samþykktar samhljóða.

Félagaskiptagjald:

Félagaskiptagjald er tekið til umræðu og er tillaga fjárhagsnefndar um óbreytt gjald, kr. 3.000 samþykkt samhljóða.

Keppnisgjald:

Tillaga fjárhagsnefndar um keppnisgjald er næst á dagskrá og er tillaga nefndarinnar um óbreytt gjald kr. 1000 samþykkt samhljóða.

Umræður utan úr sal:

Nokkrar umræður eru utan úr sal um að mótagjöld á landsmótum STÍ séu greidd við skráningu viðkomandi keppanda. Þetta verði gert til að tryggja betri skil á mótagjöldum og að þeir sem ekki mæta til keppni greiði gjaldið þrátt fyrir að viðkomandi keppi ekki á mótinu, enda sé búið að gera ráðstafanir í skipulagningu mótsins með tilliti til þess að allir skráðir keppendur mæti til leiks.

Kærugjald:

Næst er tekið fyrir Kærugjald. Tillaga er um óbreytt gjald, en gjaldið sem miðað er við er í samræmi við gjald ISSF, sem eru u.þ.b. 50 Svissneskir frankar.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning formanns STÍ:

Næsti dagskrárliður er kosning formanns STÍ.

Tillaga kemur fram um Jón S. Ólason sem formann sambandsins, ekkert mótframboð kemur fram og telst hann réttkjörinn formaður STÍ.

Kosning stjórnar STÍ:

Kosning tveggja manna í aðalstjórn STÍ og eins til vara.

Tillaga er um eftirfarandi stjórnarmenn til tveggja ára, þá Steinar Einarsson SFK og Guðmund Kr.

Gíslason SR í aðalstjórn. Í varastjórn er tillaga um Jóhann Norðfjörð SFS. Ekkert mótframboð kemur fram og skoðast þeir réttkjörnir.

Áfram sitja í aðalstjórn þeir Kjartan Friðriksson SR og Halldór Axelsson SR. Í varastjórn situr áfram Páll Reynisson SFS.

Kosnir Skoðunarmenn reikninga:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR

Jónas Hafsteinsson, ÍFL

Varamenn:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR

Hannes Haraldsson, SFK

Kosning í þriggja manna nefndir STÍ:

Tillaga frá stjórn STÍ um eftirtalda í nefndir sambandsins:

Mótanefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Sveinbjörn Másson, SFS

Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Kári Grétarsson, SÍH

Steindór Hr. Grímarsson, SFK

Guðmundur H. Brynjarsson, SA

Dómaranefnd:

Halldór Axelsson, SR

Steinar Einarsson, SFK

Ívar Erlendsson, SÍH

Varamenn:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Áki H. Garðarsson, SA

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

Aganefnd:

Jón S. Ólason, ÍFL

Hilmar Á. Ragnarsson, SR

Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Einar Guðmann, ÍSA

Guðmundur H. Brynjarsson, SA

Árni Leifsson, SK

Ritnefndar STÍ:

Jón S. Ólason ÍFL,

Einar Guðmann ÍSA

Kjartan Friðriksson SR.

Varamenn:

Guðmundur Kr. Gíslason SR,

Örn Valdimarsson SÍH

Halldór Axelsson SR.

Engar aðrar tillögur bárust um val í nefndir og skoðast þar með nefndarmenn réttkjörnir.

Kosning fulltrúa STÍ á ÍSÍ-þing:

Engin kosning er um fulltrúa á ÍSÍ – þing, þar sem þing verður ekki haldið á næsta ári.

Önnur mál:

Jón S. Ólason ÍFL nýkjörinn formaður tekur til máls og þakkar þingheimi það traust sem honum er sýnt með kjöri til formanns STÍ. Hann ræðir unglíngamál innan hreyfingarinnar og hvetur félögin til að efla unglíngastarfið. Þá ræðir hann um keppnismál og almennt um starfið í loftbyssugreinum. Hann nefnir nokkur tækni­mál varðandi mótahald sem betur má fara og vonast til að fljótlega verði tekið á þeim málum. Jón ræðir um agamál hreyfingarinnar og bendir á að það vanti reglur fyrir aganefnd til að starfa eftir. Ennfremur nefnir hann að dómaramál séu ekki í næginlega góðu lagi og þar þurfi einnig að taka

til hendinni. Jón segir að verið sé að vinna í dómaramálum og vonar að þau mál komist á hreint bráðlega. Nokkur atriði varðandi dómaramál hafi verið í athugun, s.s. að fá erlendan þjálfara til að koma til landsins og halda námskeiðin hér heima þar sem þau námskeið sem haldin hafa verið á erlendri grund hafi ekki skilað nógu góðum árangri. Jón telur áriðandi að gefa út dómarskrifteini til þeirra sem hafa þegar unnið sér inn dómaraéttindi. Þá tekur Jón undir þá umræðu á þinginu að mótagjöld verði greidd fyrirfram til að auka mætingu á skotmót STÍ.

Umræður utan úr sal:

Nokkrar umræður eru utan úr sal um ræðu formanns STÍ og virðast þingfulltrúar vera samhuga formanni um það sem hann nefnir.

Þingforseti tekur til máls:

Hafsteinn Pálsson þingforseti tekur fram að eftir því sem færri unglingar stundi íþróttina því minni þrýstingur sé á stjórnvöld um rýmkun á reglum fyrir unglinga sem mega stunda skotiþróttir.

Guðmundur Kr. Gíslason SR tekur til máls:

Guðmundur greinir lauslega frá breytingum á reglum ISSF sem taka gildi 1. janúar 2005. Hann hvetur fólk til að kynna sér breytingarnar ítarlega og bendir á að hægt er að fá nýjustu reglubækur ISSF hjá STÍ. Guðmundur sýnir þingheimi nýju merkin á Skeet – vestin, sem keppendum verður gert að festa á vestin fyrir næsta tímabil. Þá nefnir hann að fleiri breytinga sé að vænta eftir Ólympíuleikana í Peking.

Umræður utan úr sal:

Nokkrar umræður eru utan úr sal um ýmis mál varðandi framkvæmd móta og starfið í hreyfingunni sem betur má fara. Einnig eru unglingamálin rædd almennt og formaður STÍ kemur með hugmynd um formannafund félagana til að samræma krafta félagana í unglingastarfinu.

Steinar Einarsson SFK tekur til máls:

Steinar greinir þingheimi frá því að Skotfélag Kópavogs hafi lagt af stað með unglingastarf og kynnt það m.a. í skólum. Það sem stóð starfinu fyrir þrífum var afstaða foreldra gagnvart skotiþróttinni, en flestir foreldrar gáfu unglingunum ekki leyfi til að hefja æfingar í íþróttinni. Steinar telur fordóma almennings hamla skotiþróttinni og þá sérstaklega unglingastarfinu.

Hilmar Á. Ragnarsson SR tekur til máls:

Hilmar Á. Ragnarsson formaður SR óskar stjórn STÍ til hamingju með kjörið. Hann ræðir m.a. svæðamál Skotfélags Reykjavíkur og þá þrautargöngu sem stjórn félagsins hefur þurft að ganga í gegnum. Hilmar ber fram tillögu um ályktun skotþings, en tillagan hljóðar svo:

“Tillaga að ályktun fyrir skotiþróttaping 4. desember 2004.

Skotiþróttaping haldið í Reykjavík 4. desember 2004 skorar á borgaryfirvöld í Reykjavík að sjá nú til þess að framkvæmdum við endurreisn skotiþróttasvæðis Skotfélags Reykjavíkur verðið hraðað þannig að skotiþróttamenn geti hafið æfingar og keppni næsta vor. Félagið er lang stærsti aðilinn að sambandinu og því afar mikilvægt að starfsemi þess komist nú í samt horf að nýju. Vallarleysið hefur háð uppbyggingu skotiþróttar á höfuðborgarsvæðinu gríðarlega en félagið lokaði fyrra útiæfingasvæði sínu í Leirdal / Grafarholti um haustið árið 2000 !

Skotiþróttaping 2004”

Fyrirspurnir utan úr sal:

Nokkrar almennar fyrirspurnir eru til formanns SR um svæðamál félagsins, framkvæmdir og gang mála hjá SR. Hann svarar þeim og tekur fram að enn sé langt í land með að svæðið verði tilbúið, en hann telur að starf á nýju svæði geti hafist næsta vor ef ekki verði frekari tafir á framkvæmdum.

Ályktunin skotiþróttaping borin upp til atkvæða:

Ályktunin er samþykkt samhljóða.

Jón S. Ólason tekur til máls:

Formaður STÍ greinir frá því að afreksstefna sambandsins sé í endurskoðun og verði kynnt fljótlega.

Guðmundur Kr. Gíslason tekur til máls:

Guðmundur hvetur félögin til að hafa samband við sig sem framkvæmdastjóra STÍ um þau mál sem varða hreyfinguna, en hann greinir frá því að hann hafi eina klukkustund á launum hvern virkan dag alla virka daga vikunnar.

Þingslit:

Hafsteinn Pálsson Þingforseti lýsir þingi slitið, þakkar starfið á þinginu og óskar þingfulltrúum góðrar heimkomu.

Kjartan Friðriksson Þingritari

Hafsteinn Pálsson Þingforseti